

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Eskifjarðarhrepps á lóðum og fasteignum á Eskifirði.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kaupfélga á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefur hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi er áskilinn forkaupsréttur á lóðum og mannvirkjum sjávarmegin Strandgötu og Norðfjarðarvegar, svo og þeim öðrum lóðum og mannvirkjum innan hreppsins, þar sem fara þarf um með vegalagningu og aðrar opinberar mannvirkjagerðir, samkvæmt skipulagsupprætti.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. október 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. október 1970.

Nr. 228.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til reglubundins áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Íslands hf. sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs á eftirtöldum flugleiðum innanlands, til ársloka 1975:

1. Reykjavík—Patreksfjörður—Reykjavík.
2. Reykjavík—Ísafjörður—Reykjavík.
3. Reykjavík—Sauðárkrókur—Reykjavík.
4. Reykjavík—Akureyri—Reykjavík.
5. Reykjavík—Húsavík—Reykjavík.
6. Reykjavík—Raufarhöfn—Reykjavík.
7. Reykjavík—Dórshöfn—Reykjavík.
8. Reykjavík—Egilsstaðir—Reykjavík.
9. Reykjavík—Hornafjörður—Reykjavík.
10. Reykjavík—Fagurhólsmýri—Reykjavík.
11. Reykjavík—Vestmannaeyjar—Reykjavík.
12. Akureyri—Egilsstaðir—Akureyri.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til reksturs reglubundinna áætlunarferða, með farþega, pósti og vörur, á eftirgreindum flugleiðum, án sérleyfis:

1. Patreksfjörður—Ísafjörður—Patreksfjörður.
2. Ísafjörður—Akureyri—Ísafjörður.
3. Ísafjörður—Egilsstaðir—Ísafjörður.

4. Ísafjörður—Hornafjörður—Ísafjörður.
5. Sauðárkrókur—Akureyri—Sauðárkrókur.
6. Sauðárkrókur—Húsavík—Sauðárkrókur.
7. Akureyri—Húsavík—Akureyri.
8. Akureyri—Raufarhöfn—Akureyri.
9. Akureyri—Þórshöfn—Akureyri.
10. Egilsstaðir—Hornafjörður—Egilsstaðir.
11. Hornafjörður—Fagurhólsmýri—Hornafjörður.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum og jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 27. október 1970.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Vestmannaeyjum.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Vestmannaeyjum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Staðar- og Vatnadalársár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Staðar- og Vatnadalársár. Heimili þess og varnarþing er Suðureyri í Súgandafirði.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Staðar- og Vatnadalársá, en þær eru Staður, Vatnadalur, Bær og Sólstaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.